

Hinn skapandi
Prins Póló



Frelsinu fagnað
með dansi



Menning > 22

Lífið > 28

FRÉTTABLAÐIÐ

116. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 15. JÚNÍ 2022



Íbúar við Óðinsgötu segja tvö hús við götuna í því líkri niðurniðslu að þeir skammist sín fyrir að búa nálægt þeim. Húsin hafa verið umsjónarlaus í fjögur ár og ekkert er gert. SJÁ SIÐU 2. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stökk Framsóknar myndi ekki duga

Bæting Framsóknarflokksins er ekki nóg til að ríkisstjórnin haldi velli, samkvæmt nýrri skoðanakönnun. Þrír flokkar eru nú áberandi stærstir.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Samkvæmt nýrri könnun Prósents hefur ríkisstjórnin bætt við sig 5 prósentum en er þó naumlega fallin. Munar mestu um fylgisaukningu Framsóknarflokksins.

Þrír flokkar eru stærstir og bæta allir við sig. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með 18,5 prósent, sem er 0,6 prósentum meira en í síðustu könnun, frá 27. apríl. Þá koma Píratar sem mælast með 17,5 sem er bæting um


1,3 prósent og Framsókn með 17,3 sem er bæting um 4,9 prósent.

Fjórir flokkar tapa fylgi. Samfylkingin missir 3,3 prósent og mælist nú með 13,5 og Vinstri græn tapa 0,6 prósentum og mælast með slétt 9. Viðreisn mælist með 7,8 prósent, 1,8 prósentum minna en síðast, og Flokkur fólksins tapar 2,2 prósentum og mælist með 5,6.

Sózialistar bæta við sig tæpu prósentu og mælast nú með 6,3. Miðflokkurinn stendur nokkurn veginn í stað með 4,2 prósent.

Samkvæmt könnuninni mælast stjórnarflokkarnir þrír með 30 þingsæti, en hafa 38 í dag. Þetta myndi ekki duga til meirihluta en þó bæting um 4 þingsæti frá síð-

Fylgi flokkanna á landsvísu



ustu könnun. Sjálfstæðisflokkur og Framsókn myndu fá 12 þingmenn og Vinstri græn 6. Píratar myndu fá 12, Samfylking 9, Viðreisn 5, Sózialistar 4 og Flokkur fólksins 3.

Helsti kynjamunurinn er hjá Vinstri grænum, sem hafa stuðning 12 prósentu kvenna en 7 prósent karla. Viðreisn höfðar aftur á móti frekar til karla, 10 prósent á móti 5.

Framsóknarflokkurinn er langstærsti flokkurinn á landsbyggðinni með 29 prósentu fylgi. Sjálfstæðisflokkur og Píratar eru stærstir á höfuðborgarsvæðinu með 20 prósent.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 2. til 13. júní. Úrtakið var 1.780 einstaklingar og svarhlutfallið 50,1 prósent. ■

Orkuskiptin munu gjörbylta innanlandsflugi

SAMGÖNGUR Forstjóri Icelandair segir félagið stefna á að taka raf- og vetnisdrifnar flugvélar í notkun hér á landi fyrir lok árs 2030.

Vélar sem byggja á nýrri tækni munu hafa mikil áhrif á innanlandsflug. „Það er annar flötur á nýtingu hreinnar orku í flugi en augljós umhverfisþáttur. Ef við færum innanlandsflugið á hreina orku sem framleidd er innanlands þá mun það lækka kostnað. Það kemur okkar viðskiptavinum til góða, lækkar verð og eykur tíðni ferða, segir Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair. SJÁ SIÐU 10

Boozt.COM

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

NÚ ER TÍMI FYRIR

SUMMER SALE

Bændur fá styrk vegna hækkana

kristinnhaukur@frettabladid.is

LANDBÚNAÐARMÁL Bændur fá tæpa 2,5 milljarða króna úr ríkissjóði í sérstakri aðgerð ríkisstjórnarinnar til að koma til móts við verðhækk-anir á aðföngum. Aðgerðin er byggð á tillögum frá spretthópi sem Svan-dís Svavarsdóttir matvælaráðherra skipaði og Steingrímur J. Sigfússon fór fyrir.



**Svína- og alifugla-
bændur fá 450 millj-
ónir af tæpum 2,5
milljörðum króna.**

Meðal þess sem hefur hækkað mikið í verði er rúlluplast, olía, áburður, fóður og fleira. Samkvæmt tilkynningu ráðuneytisins hafa þessar hækkanir nú þegar veikt rekstrargrundvöll bænda mjög mikið og dregið úr framleiðsluvilja. Samkvæmt tillögum hópsins verða greiðslurnar lagðar ofan á álag í núgildandi búvörusamningum. Alls 450 milljónum verður varið til stuðnings svína-, alifugla- og eggja-framleiðslu þar sem samningar eru ekki til staðar. ■

Grímuverðlaunin afhent



Ríkissjónvarpið sýndi beint í gærkvöld frá afhendingu Grímunnar, íslensku sviðslistaverðlaunanna, í Þjóðleikhúsinu. Búningar leikara vöktu athygli fyrir hátíðina og var mikil stemning við leikhúsið. Verðlaunaflóð var að hefjast um það leyti sem Fréttablaðið fór í prentun. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Keyptu tæki til að styrkja hendurnar

erlamaria@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Iðjuþjálfun Grens-ásdeildar Landspítalans fékk í gær gjöf frá samtökunum Hollvinum Grensásdeildar, en um er að ræða Armeo Spring handaræfingartæki fyrir sjúklinga sem upplifa einhverja máttminnkun í handlegg eða hendi eftir veikindi eða slys. Tækið er notað til að örva vöðva-virkni og hreyfingar handa og handleggja sjúklinga, en með tæk-inu framkvæma þeir þrívíddarverk-efni í tölvu. „Þetta er í raun hjálparamur með mismunandi stillingum, svo hægt sé að ná fram hámarksnýtingu þeirrar vöðvavirkni sem er til staðar hjá viðkomandi sjúklingi og þjálf-a upp frekari hreyfifærni til dag-legra athafna,“ segir Lillý Halldóra Sverrisdóttir, iðjuþjálfí á Grens-ásdeild. Allir sem eru með minnkaða



Tækið örvar vöðvavirkni handanna.

hreyfifærni í hendi geti nýtt sér þetta tæki. „Ég bind vonir við að þetta verði mikið notað,“ segir Lillý. Samtökin Hollvinir Grens-ásdeildar hafa stutt endurhæfingar-starf Grensásdeildar til tækjakaupa í gegnum árin og segist Lillý fagna því að samtökin hafi tekið svo vel í hugmyndina að kaupum á tækinu. „Við viljum bara koma á fram-færi innilegu þakklæti fyrir þessa rausnarlegu og gagnlegu gjöf,“ segir Lillý. ■

Dagsektum er beitt vegna niðurníðslu á Óðinsgötu

Íbúar við Óðinsgötu segja ástandið við niðurníðd hús í götunni óviðunandi. Frá 1. júní hafa verið lagðar dag-sektir á eigendur húsanna.

birnadrofn@frettabladid.is

REYKJAVÍK Íbúar við Óðinsgötu í Reykjavík segja ástand við hús númer 14a og 14b við götuna óviðunandi. „Húsin eru í algjörru niðurníðslu og svona hefur þetta verið í mörg ár en ekkert hefur verið aðhafst,“ segir Inga Ingólfsdóttir, íbúi á Óðinsgötu. Húsin sem um ræðir hafa verið umsjónarlaus síðan árið 2018. Mikil órækt og drasl er á lóðum þeirra og þau eru ekki mannheld. Inga segir að þangað leiti fólk reglulega skjóls ásamt því að unglingar haldi þar til. Í apríl 2018 kviknaði í húsinu við Óðinsgötu 14a, þá hélt þar til hústökufólk og þáverandi eigandi hússins, Sturla Sighvatsson, lofaði úrbótum. Síðan hefur þó lítið breyst og ástandið frekar versnað, samkvæmt Ingu. Húsin voru seld á nauðungarsölu í ágúst á síðasta ári, salan var þinglýst 1. mars síðastliðinn. Núverandi eigandi húsanna númer 14a og 14b er Erkiengill ehf., en frá því 1. júní hefur dagsektum verið beitt á eigendur hússins, sem samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg nema um 100 þúsund krónum á dag. „Ástandið hérna er orðið þannig að ég skammast mín fyrir umhverfið,“ segir Inga. „Ég veigra mér við því að fólk komi í heimsókn eða að dóttir mín komi með vini sína heim,“ bætir hún við. „Þetta er búið að vera endalaust vesen. Öværan og viðbjóðurinn af óræktinni í garðinum er mjög mikil, svo mikil að leigjendurnir mínir þurftu að setja skordýranet í alla glugga þar sem þau voru á jarðhæð



Inga segir að ástandið hafi aðeins versnað undanfarin ár. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**



Ástandið hérna er orðið þannig að ég skammast mín fyrir umhverfið.

Inga Ingólfsdóttir, íbúi á Óðinsgötu

fyrir Airbnb-leigu. „Ég geri samt ráð fyrir að ástandið hérna muni hafa mikil áhrif á þær umsagnir sem ég fæ þar.“ Inga, ásamt fleiri íbúum við götuna, hefur sent fjölda fyrirspurna, kvartana og ábendinga til borgar-yfirvalda en fá svör hafa fengist. Þá hafa meðal annars verið sendar ábendingar til Dags B. Eggertssonar borgarstjóra sem sjálfur býr við Óðinsgötu. Í svari borgarstjóra segir: „Ég hef haft það sem ófrávikjanlega reglu að koma ekki að málum sem varða nærumhverfi mitt (heimilið).“ Inga vonar að beiting dagsekta verði til þess að ráðist verði í framkvæmdir á húsunum. „Ég hef samt ekki mikla trú á því.“ Gylfi Ásvaldsson hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur segist vita af ástandinu á Óðinsgötu. „Við skiljum þessa óánægju vel og lítum þetta alvarlegum augum, þess vegna höfum við sett á háar dagsektir,“ segir Gylfi. ■



GRÆNLANDSSJÓÐUR

Grænlandssjóður auglýsir eftir styrkumsóknum í sjóðinn. Nánari upplýsingar er að finna á vef stjórnarráðsins, www.mvf.is/gronlandsfonden

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2022.

25. maí 2022
Stjórn Grænlandssjóðs

Stjórnarráð Íslands
Menningar - og
viðskiptaráðuneytið

IONIQ 5

Fjór hjóladrifinn, 100% rafmagn.

Besti bíll í heimi 2022

PREFALDUR
SIGURVEGARI



Besti bíllinn
Besti rafbíllinn
Besta hönnunin



Hvað finnst þér best í heimi? Fjölskyldan, markmiðin, starfið? Hvert sem þú stefnir þá hefur verðlaunabíllinn IONIQ 5 kraftinn til að hjálpa þér að ná takmarkinu. Þú ferð allt að 481 km á hleðslunni. Ofurhleðslan bætir 100 km við á aðeins 5 mínútum. Eltu draumana þína af öryggi hvert sem er með 2. stigs akstursaðstoð. IONIQ 5 getur allt þetta og miklu meira.

Hyundai IONIQ 5
2WD. Verð frá: 6.190.000 kr.
4WD. Verð frá: 7.190.000 kr.



Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.



Vilja beina aðild að Samtökum atvinnulífsins

benediktarnar@frettabladid.is

LANDBÚNAÐUR Formaður Samtaka fyrirtækja í landbúnaði vill að samtökin fái beina aðild að Samtökum atvinnulífsins. Hann segir stöðu landbúnaðar á Íslandi slæma miðað við önnur Evrópuríki. „Staðan er einfaldlega sú að umgjörð og starfsskilyrði bænda og



Sigurjón Rúnar Rafnsson, formaður Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.

landbúnaðarfyrirtækja á Íslandi hefur gefið mjög mikið eftir,“ segir Sigurjón Rúnar Rafnsson, formaður Samtaka fyrirtækja í landbúnaði. Sjálfsgagt sé að samtökin verði hluti af Samtökum atvinnulífsins. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að viðræður um aðild séu á frumstigi. ■

Bjart fram undan að sögn Bjarna

bth@frettabladid.is

ALÞINGI Ríkisstjórninni tókst að afgreiða fjármálaáætlun í gær, 2023 til 2027. Var hún samþykkt á Alþingi með 35 atkvæðum gegn tólf. Ellefu þingmenn greiddu ekki atkvæði.



Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra.

Stjórnarandstaðan gagnrýndi áætlunina hástöfum og hafði uppi margar athugasemdir. Í umræðum um áætlunina véfengdi Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, forsendur og útreikninga.

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði bjart fram undan. Með breytingum á áætluninni yrði spornað við áhrifum verðbólgu. ■

Forstjórinn bregst við óánægju með tölvupósta

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna, hefur tekið tillit til kvartana sumra lesenda tölvupósta sinna. Hann er farinn að skýra pósta sína með þeim hætti að viðtakendum á framvegis að vera ljóst hvort um mikilvægar upplýsingar vistmanna sé að ræða eða pólitískar skoðanir forstjórans. Fréttablaðið greindi frá því fyrir

skemmstu að hluti viðtakenda tölvupósta Gísla, sem sendir eru á starfsmenn, aðstandendur vistfólks á öldrunarheimilum og vini og kunningja, hefði valdið óróa og jafnvel vanlíðan. Í pósti sem Gísli sendi fyrir helgi segist hann ætla að koma til móts við þá sem hafa kvartað eða haft ama af skrifum hans. „Þess vegna mun ég héðan í frá tilgreina efni póstanna í „subject“ línu þeirra þannig að vel sjáist hvort þeir



Gísli Páll Pálsson, forstjóri Grundarheimilanna.

fjalli um „innanhússmál“ eða eitt-hvað allt annað,“ skrifar Gísli. Gísli segist þó halda sínu striki með áframhaldandi skrif, bæði um málefni Grundarheimilanna og einnig á persónulegum nótum. „Ég mun hins vegar reyna að halda mig á mottunni og ganga hægt og varlega um þessar gleðinnar dyr,“ segir Gísli. Hann endar pistilinn sinn auðmjúkur á tilvitnun í Hávamál: „Svo lærir sem lifir.“ ■

Matvara á Íslandi er miklu dýrari en í nágrannalöndum og hækkar mjög


Í verðkönnun sem Veritabus gerði á dögunum hjá Krónunni, Nettó, Hagkaup og Heimkaupum kemur í ljós að innkaupakarfan er orðin dýrari í Heimkaup en í Hagkaup. Einnig kemur í ljós að verðlag á Íslandi er mun hærra en í nágrannalöndum okkar og horfir ekki til bóta.

olafur@frettabladid.is



Peir sem skipta við Heimkaup finna fyrir mestu hækkuninni samkvæmt ASÍ.

Verðlagsbreytingar á vörum haustið 2021 og nú (í krónum)



Verð körfunnar

Verslanir	Verð körfu
Krónan	23.335 kr.
Nettó	25.109 kr.
Nettó app	24.607 kr.
Hagkaup	25.028 kr.
Heimkaup	27.427 kr.
Tesco	15.229 kr.
ICA 20.	822 kr.
Franprix	18.663 kr.

munandi virðisaukaskattsþrepum í þessum löndum hækkar karfan eilítið í Bretlandi og Frakklandi en lækkar enn frekar í Svíþjóð vegna þess að virðisaukaskattur á Íslandi er hærri en í Bretlandi og Frakklandi en eilítið lægri en í Svíþjóð.

Athyglisvert er að almennt er enginn virðisaukaskattur á matvæli í Bretlandi og í Frakklandi eru matvæli almennt skattlögð helmingi minna en hér á landi.

Engu að síður er umtalsverður munur á verðlagi matvæla hér á landi og í þessum samanburðarlöndum eins og sést vel í súluritinu. Mjólkurvörur eru 56 prósent dýrari en í Bretlandi, 20 prósent dýrari en í Svíþjóð og 42 prósent dýrari en í Frakklandi.

Mjólkurvörur hér á landi eru 65 prósent dýrari en í Bretlandi, meira en 100 prósent munur er á verði grænmetis og ávaxta og einnig munar mjög miklu á brauði og kornvörum.

Þessi munur miðar við verð í Krónunni, sem var ódýrust í íslensku könnuninni. Munurinn er meiri ef aðrar verslanir í íslensku könnuninni eru lagðar til grundvallar. ■

GOTT

í ferðalagið

FK

FJARÐARKAUP

einstök
verslun

PRINGLES

NOA BÍÓ KROPP BUTTER & SALT

APPELSÍN

SKYR

DRÖMUR



NÝR AiWAYS U5!

AiWAYS U5 ER 100% RAFKNÚINN
LÚXUS JEPPLINGUR Á FRÁBÆRU VERÐI,
FRÁ KR. 5.190.000



AiWAYS U5 er 100% rafknúinn lúxus jepplingur sem er ríkulega búinn, lipur og einstaklega skemmtilegur í akstri. Sérlega glæsileg innrétting og Innrarými er með því besta í sínum flokki og gera AiWAYS U5 fullkominn fararskjótinn í framtíðina.

AiWAYS U5 er að stærstum hluta þýsk hönnun

Akstursdrægnin er 410 km á fullri hleðslu
(400 km í Premium útfærslu) 

Hröðun 3,1 sek. 0 – 50km/klst.
Afkastageta: 150 kW (204 hð) 



BÍLL ÁRSINS!

Bandalag íslenskra bílblaðamanna (BÍBB) er búið að velja AiWAYS U5 í úrslit í valinu á Bíl ársins á Íslandi 2022

SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR
NÝJAN 100% RAFKNÚINN AiWAYS U5.

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.



Vladímír Pútín og Daniel Ortega árið 2014.

Rússneskur her fer til Níkaragva

thorgrimur@frettabladid.is

NÍKARAGVA Ríkisstjórn Níkaragva hefur heimilað staðsetningu rússneskra hermanna á níkaragskri grundu til þess að hjálpa til við herþjálfun, löggæslu og viðbragðsaðgerðir í neyðarástandi. Daniel Ortega, forseti Níkaragva, birti tilskipun þess efnis fyrir í vikunni og Rússar staðfestu hana í gær.

Samkvæmt hljóðan tilskipunarinnar verður rússneskum hersveitum heimilað að vakta strandir Níkaragva við Karibahafið og Kyrrahafið. Jafnframt verður rússneskum herskipum og flugvélum heimilað að koma inn í land- og lofthelgi Níkaragva og tugum rússneskra hernaðarráðgjafa verður boðið til landsins til að hafa umsjón með „mannúðarhjálp“.

Þetta yrði í fyrsta sinn sem Rússar staðsetja stóran hóp hermanna sinna í Mið-Ameríku. Sumir rússneskir fjölmiðlar voru vígreifir þegar þeir kynntu hernaðarsamstarfið og Olga Skabejeva, fréttakona hjá ríkissjónvarpsstöðvunum VGTRK og Rossija-1, lét þau orð falla að nú væri „tími fyrir Rússland að hnykla vöðvana nálægt nokkrum bandarískum borgum“. María Zakharova, talskona hjá rússneska utanríkisráðuneytinu, gerði minna úr málinu og sagði einfaldlega vera um að ræða reglubundið ríkjasamstarf Rússlands og Níkaragva.

Daniel Ortega hefur verið náinn bandamaður Rússa frá því á áttunda áratugnum, þegar hann naut stuðnings Sovétríkjanna í byltingu gegn einræðisstjórn Anastasio Somoza. ■

Innflytjendavandinn sé ekki lengur forsíðufrétt

tsh@frettabladid.is

BRETLAND Ríkisstjórn Boris Johnson hóf í gær brottflutning hælisleitenda til Rúanda í umdeildri áætlun sem hefur verið harðlega gagnrýnd.

Áætlunin snýst um að senda flóttamenn með flugi til Rúanda á meðan umsókn þeirra um hæli er tekin fyrir. Verði umsóknin samþykkt fá þeir hæli í Rúanda.

Stefanía Dórudóttir endurskoðandi, búsett í Bretlandi, segir bresku ríkisstjórnina reyna að gera málefni hælisleitenda að pólitísku þrætuepli. „Það er þetta móralska sem situr ansi þungt í fólki“, segir Stefanía.

Enska kirkjan skrifaði opið bréf þar sem erkibiskupar kalla áætlunina siðlausu og skammarlega fyrir bresku þjóðina.

Þá er Karl Bretaprins sagður hafa



Stefanía Dórudóttir, löggiltur endurskoðandi.

lýst henni í einkasamtali sem „skelfilegri“.

Spurð um hvort umræðan sé harðvítug segir Stefanía: „Ég myndi frekar segja að það séu sumir í pólitíkinni sem gera mikið mál úr þessu en í raun vita allir að Bretland tekur á móti miklu færri flóttamönnum en nokkurt annað Evrópuland. Innflytjendavandinn er eiginlega ekki lengur forsíðufrétt.“ ■

Landspítalinn vill fá samtali við Lyrú

Hjá Landspítalanum er starfsfólk hugsi yfir miklum hagnaði heildsölnunnar Lyrú sem seldi spítalanum lækningatæki og hvarfaefni án útboðs á meðan neyðin var sem stærst í kórónuveirufaraldrinum.

gar@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Framkvæmdastjóri fjármála hjá Landspítalanum segir að spítalinn hyggist efna til samtals við heildsölnuna Lyrú, sem hagnaðist um nærri tvo milljarða króna í fyrra, að miklu leyti með sölu á Covid-tengdum tækjum og vörum til spítalans án útboðs.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær kemur fram í ársreikningum Lyrú fyrir árin 2020 og 2021 að eftirspurn eftir vörum fyrirtækisins hafi aukist mikið vegna kórónuveirufaraldursins. Í fyrra seldi þetta fjölskyldufyrirtæki vörur fyrir 4.250 milljónir króna, sem er meira en fjórfalt hærri upphæð en árið 2021 þegar veltan var 1.021 milljón. Gróðinn af þessari sölu, sem að langmestu leyti var til ríkisins í gegnum heilbrigðiskerfið, hafi verið 1.954 milljónir króna, eða nærri helmingurinn af söluandvirðinu.

Þetta virðist endurspeglar óvenjulega mikla álagningu Lyrú á vörur sínar. Eigendur Lyrú hyggjast greiða sér allt að 750 milljónir í arð vegna hagnaðarins í fyrra.



Höfuðstöðvar Lyrú eru við Hádegismóa hjá Rauðavatni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landspítalanum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stínga óhemju góðar afkomutölur Lyrú í augu innan Landspítalans. Þar veltir starfsfólk fyrir sér hvort verðlagning Lyrú hafi verið eðlileg, sérstaklega í ljósi þess mikla magns sem Landspítalinn keypti á endanum frá heildsölnunni.

Ólafur Darri Andrason, framkvæmdastjóri fjármála hjá Landspítalanum, vill aðspurður lítið tjá sig um málið að sinni. „Þessar tölur vekja athygli og ég geri ráð fyrir því að við munum eiga samtali við Lyrú“, segir Ólafur Darri.

Ástæða þess að ekki var gripið til útboðs vegna innkaupanna frá Lyrú er sagt vera það neyðarástand sem uppi var vegna Covidfaraldursins og það hafi þurft hraðar hendur við innkaup á nauðsynlegum vörum. Þetta var bæði sagt gilda um innkaupin á veirugreiningartækjum og hvarfaefni frá Lyrú og alls kyns hlífðarbúnaði, sem meðal annars

var fluttur með tveimur farþegaþotum frá Kína og reyndist að hluta til ónothæfur er hann var hingað kominn. Þá hafði ekki unnist tími til að sannreyna gæði búnaðarins.

Aðferðir Landspítalans við kaup á tækjum og vörum hafa áður verið gagnrýndar. Fyrir tíu árum tók samkeppniseftirlitið innkaup Landspítalans til skoðunar í kjölfar kvörtunar frá Logalandi ehf., sem selur meðal annars lækningatæki, hjúkrunarvörur og hjúkrunartæki. Leiddi málið til þess að spítalinn gaf fjórum árum síðar, í júní 2016, út einhliða yfirlýsingu þar sem hann skuldbatt sig til að gera tiltekna endurbætur á innkaupaháttum sínum.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri samkeppniseftirlitsins, svarar aðspurður að sér vitanlega hafi ekki borist ábendingar vegna innkaupa Landspítalans þau misseri sem Covid-faraldurinn hefur varað. Sem fyrr segir voru innkaupin án útboðs á þessum Covid-tíma á grundvelli neyðarréttar.

Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra svaraði ekki með beinum hætti fyrirspurn Fréttablaðsins um rekstrartölur Lyrú og hvort hægt væri að tryggja hagsmuni ríkissjóðs betur, en ráðherra nefnir í skriflegu svari að heimild hafi verið gefin til að kaupa 80 milljóna króna tæki fyrir sýkla- og veirufræðideild þar sem Lyrú hafi verið umboðsaðili. ■

SAMAN Í SÓL

VINSÆLT

MALLORCA

17. – 29. JÚNÍ

SUN BEACH APART. 4*

ÍBÚÐ MEÐ SJÁVARSÝN

VERÐ FRÁ **119.500 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 2 BÖRN

VERÐ FRÁ 188.900 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

VEL STAÐSETT

COSTA DEL SOL

20. – 30. JÚNÍ

HOTEL PALMASOL 4*

TVÍBÝLI

VERÐ FRÁ **104.900 KR**

Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA OG 1 BARN

VERÐ FRÁ 136.500 KR. Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

INNIFALIÐ Í VERÐI, FLUG, GISTING, INNRIÐAÐUR FARANGUR OG HANDFARANGUR. BÓKAÐU ÞITT SÆTI Á UU.IS

Steinunn Jakobsdóttir notast við hjólastól eftir að hún fékk heilablóðfall og hún sér afar illa.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Steinunn finnur fyrir hlýju frá samfélaginu

birnadrofn@frettabladid.is

SAMFÉLAG Mosfellsbær segist í skriflegu svari til Fréttablaðsins ekki geta veitt frekari svör um mál Steinunnar Jakobsdóttur, öryrkja sem nýlega greindi frá því að hún lifði á sextán þúsund krónum á mánuði eftir að hún greiði reikninga, en þau að almennar húsaleigubætur Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) séu eingöngu veittar á grundvelli þinglýstra húsaleigusamninga.

Þá segir að sérstakur húsnæðissamningur sveitarfélagsins sé eingöngu veittur hafi einstaklingur samþykktar almennar húsnæðisbætur frá HMS.

Steinunn hefur ekki fengið húsnæðisbætur frá því um áramót. Hún hefur ekki þinglýstan samning en leigir íbúð móður hennar.

Frá því að fjallað var um mál Steinunnar segir hún engan frá bænnum hafa sett sig í samband við hana. Hins vegar hafi hún fundið gríðarlega hlýju og velvilð frá samfélaginu. „Þegar ég vaknaði í gær [fyrradag] átti ég 2-3.000 krónur. Þegar ég kíkti á reikninginn í dag sá ég að ókunnu fólki hafði lagt inn á mig peninga og nú á ég fyrir mat“, segir Steinunn.

„Ég hef skynjað það hvað fólki finnst þetta óréttlátt og þetta minnir mann á hvað máttur almennings er mikill“, segir Steinunn. ■



VILTU VINNA MILLJÓN?

Kauptu tvo poka af þínu uppáhalds Nóa Kroppi, taktu mynd af kvittuninni og sendu okkur á leikur@noi.is. Þú gætir unnið milljón í reiðufé!

Nóa kropp, bragðast eins og milljón!



Við drögum miðvikudaginn 31. ágúst.


NÓI SÍRÍUS

Skoðun

Guðmundur Gunnarsson



Eins dauði ...

Fréttir af ógnargróða heild-sölnunna Lyrú vekja óneitan-lega spurningar um það hvort viðskiptasiðferði lúti ekki ein-hverjum örlítið strangari lög-málum á tímum heimsfarald-urs og neyðar.

Lögmálum sem ganga ekki fram af venjulegu fólki og heil-brigðiskerfi heillar þjóðar. Lögmálum sem misbjóða ekki þeim sem stóðu sólarhrings-vaktir í framlínunni eða misstu allt sitt í efnahagsþrenging-unum.

Á meðan þjóðir heims hiru-ust í tveggja ára samfelldri smitgát græddu eigendur heildsölu, sem selur vörur til efnagreiningar, sem sagt á tá og fingri. Mestmegnis með sölu til ríkisins án útboðs. Á grundvelli neyðarréttar í ljósi ástandsins. Vegna sölu á far-sóttarvörum.

Hagnaður fyrirtækisins fjór-faldaðist í faraldrinum. Hvorki meira né minna. Það verða að teljast dágóðar heimitur hjá krúttlegu fjölskyldufyrirtæki.

Svo mikil voru umsvif fyrir-tækisins á tímum neyðarstigs að eigendur fyrirtækisins neyddust til að greiða sér 750 milljónir króna í arð.

Eitthvað segir manni að fleiri viðlíka fréttir verði sagðar á næstu vikum og mánuðum. Þegar pattaralegir ársreikning-ar kórónuveirukónganna taka að streyma inn til Skattisins.

Þau eru nefnilega til. Fyrir-tækin og einstaklingarnir sem sjá tækifæri í neyðinni og geta ekki stílt sig um að maka krókinn á kostnað ríkis og skattgreiðenda. Undir inn-blásnum ræðum stjórnmála-manna um mikilvægi þess að allir leggi sitt af mörkum á erfðum tímum. Í nafni sam-stöðunnar.

Kannski er ekkert við það að athuga. Rétt fyrirtæki á réttum stað með réttu vörurnar. Svona eins á öllum tímum þrenginga í gegnum tíðina.

Þetta er sem sagt Höskuldar-viðvörðun. Ef þessar fréttir koma illa við ykkur þá mæli ég einfaldlega með vænum skammti af æðruleysis-bæninni. Það er lítið sem við, venjulega fólkið, getum við þessu gert.

Nema bundið veika von við að þessi mál verði að minnsta kosti tekin til skoðunar. Þó ekki væri nema til að læra af þeim. ■



Með sölnunni á Mílu verða eignatengslin á milli Símans og Mílu rofin. MYND/LÝÐUR GEIR

Segir söluna á Mílu stórtíðindi fyrir neytendur

Sala Símans á Mílu felur í sér stórtíðindi fyrir samkeppni-sumhverfið á íslenskum fjarskiptamarkaði að mati forstjóra Sýnar. Hann á ekki von á öðru en að Samkeppnis-eftirlitið samþykki viðskiptin í næsta mánuði.

ggunnars@frettabladid.is

Síminn gekk frá sölnunni á Mílu til franska sjóðstýringarfyirtækisins Ardian í lok október á síðasta ári. Samkeppniseftirlitið hefur haft málið til meðferðar undanfarna mánuði en viðskiptin eru háð hefð-bundnum fyrirvörum um samþykki eftirlitsins.

Með sölnunni verða eignatengsl á milli Mílu og Símans rofin. Míla mun þannig verða sjálfstætt heild-sölu fyrirtæki á fjarskiptamarkaði og munu því öll fjarskiptafyrirtæki, bæði Síminn og önnur fyrirtæki, sitja við sama borð og geta nýtt sér þjónustu Mílu á sömu forsendum.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, segir söluna gríðarlega mikilvæg tíðindi fyrir neytendur og uppbyggingu fjarskiptainnviða á Íslandi. Hún muni greiða fyrir aukinni samkeppni á bæði heild-sölu- og smásölumarkaði fjarskipta.

„Við sjáum blessunarlega fyrir endann á áratuga deiluefni á fjar-

”
Við höfum kvartað yfir þessu lengi og þetta er búið að vera í umræð-unni í nærri 20 ár.

Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar.

skiptamarkaði á Íslandi. Allt á þetta rætur sínar í því að grunnnetið skuli hafa fylgt með í kaupunum þegar gamli Landsíminn var einka-væddur. Síðan þá hafa langflestar kvartanir í þessum geira átt rót sína í því að ekki hafi verið skilið þarna á milli í upphafi. Þetta er því stórt skref í átt að aukinni og heilbrigðari samkeppni á þessum markaði.“

Að mati Heiðars er aldrei gott þegar fyrirtæki í beinni sam-keppni er tengt grunnnetinu og innviðunum með þessum hætti.



Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, segist ekki eiga von á öðru en að kaup Ardian á Mílu verði samþykkt í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Eins og þetta er í dag getur Síminn einfaldlega boðið friðindi og tilboð sem önnur fyrirtæki geta ekki keppt við. Við höfum kvartað yfir þessu lengi og þetta er búið að vera í umræðunni í nærri 20 ár. Nú litur út fyrir að þarna verði skorið á milli. Neytendum til hagsbóta. Það er bara mjög gleðilegt,“ segir Heiðar.

Ardian France SA er eitt stærsta sjóðstýringafyrirtæki Evrópu með um 130 milljarða Bandaríkjadala í eignastýringu. Meðal fjárfesta í Ardian eru ríkisstofnanir, lífeyris-sjóðir, tryggingafélög og aðrir stofn-anafjárfestar.

„Að mínu mati er mjög mikilvægt að fá faglegan innviðasjóð inn á þennan markað. Ég er þeirrar skoð-unar og tel að þessi viðskipti eigi eftir að efla Mílu til mikilla muna og fjarskiptainnviðina á Íslandi í heild sinni. Hingað til hafa fjarskipta-fyrirtæki byggt upp sín kerfi hvert í sínu horni. Það er vont fyrirkomu-lag. Með þessum viðskiptum getum

við samnýtt grunnnetið til fulls, sem mun leiða til þess að við byggjum upp eitt sterkt og öruggt kerfi frekar en mörg samliggjandi.“

Heiðar segir þessa þróun mjög sambærilega því sem gerðist á breska fjarskiptamarkaðnum árið 2016, þegar grunnnetið var skilið frá gamla ríkisfyrirtækinu. „Ég get ekki annað en vonað að þetta fari í gegn. Raunar höfum við mælst til þess í okkar umsögnum til eftirlitsins og hvatt til þess.“

Gert er ráð fyrir að Samkeppnis-eftirlitið afgreiði málið í lok næsta mánaðar. „Ég get ekki séð hvernig eftirlitið ætti að geta komist að ann-arri niðurstöðu en að samþykkja þessi viðskipti. Það er að minnsta kosti ljóst að kvörtunum til eftirlits-ins mun fækka stórkostlega ef þetta fer í gegn. Það verður einfaldlega minna um samkeppnislagabrot. Ut frá sögunni, bæði hér og erlendis, þá er það eina rökrétta niðurstaðan,“ segir Heiðar. ■



ÓSKASKRÍN GEFUR SVO MARGT

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Parki
INTERIORS

Parket

Parki býður hágæða gólfefni frá þekktum alþjóðlegum birgjum.

Gríðarlegt úrval af viðarparketi ásamt vatnspolnu harðparketi og vínyparketi má finna í sýningarsal okkar á **Dalvegi 10-14**.

Komdu við og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.




Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors



parki.is



Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair, segir félagið stefna að því að taka fyrstu rafknúnu flugvélinu í gagnid fyrir lok árs 2030.

MYND/ADSEND

Orkuskipti í flugi skapa gríðarleg sóknarfæri



Guðmundur Gunnarsson
ggunnars@frettabladid.is

Forstjóri Icelandair telur að raf- og vetnisdrifnar flugvélar muni gjörbylta innanlandsflugi. Fyrirtækið skoðar að taka slíkar vélar í notkun fyrir lok árs 2030. Orkuskipti í flugsamgöngum munu skapa ný og spennandi tækifæri fyrir Ísland sem áfangastað.

Kolefnislosun er stærsti einstaki áhrifaþáttur flugs á umhverfið. Í lok síðasta árs settu alþjóðasamtök flugfélaga sér markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2050. Sú ákvörðun þýðir í raun að orkuskipti í flugsamgöngum um allan heim eru formlega hafin og munu hafa umfangsmiklar breytingar í för með sér fyrir fyrirtæki og framleiðendur í greininni.

Icelandair ætlar sér að vera í fararbroddi á þessu sviði. Bogi Nils Bogason, forstjóri flugfélagsins, segir Ísland vera í ákveðinni kjörstöðu en það sé alfarið undir okkur komið að gripa þau sóknarfæri sem skapast þegar heil atvinnugrein af þessari stærðargráðu skiptir út jarðfnaeldsneyti fyrir sjálfbært eldsneyti, vetni og rafmagn.

„Við höfum verið að vinna að þessum breytingum í meira en áratug. Árið 2012 mótuðum við umhverfisstefnu sem teygir anga sína inn í alla okkar starfsemi. Eftir henni höfum við unnið allar götur síðan.“

Bogi segir mikilvægt að gera sér grein fyrir að orkuskipti í flugsamgöngum séu ekki hluti af einhverri fjarlægri framtíð, heldur bráðnaðsýnleg þróun sem sé þegar hafin. „Ef fyrirtæki í flugrekstri ætla að laga sig að þessum breytta veruleika þá er ekki eftir neinu að bíða. Hvað okkur varðar hérna á Íslandi þá erum við í einstakri stöðu með okkar hreinu orku. En það þýðir líka að við þurfum öll að vera á tánum. Innviðauppgangur verður að eiga sér stað samhliða. Það er mjög mikilvægt að allir geri sér grein fyrir því.“

Á síðasta ári kynnti Icelandair uppfærð markmið í loftslagsmálum. Félagið stefnir nú að 50 prósentu samdrætti í losun koldíoxíðs á tonnkílómetra fyrir árið 2030 samanborið við árið 2019.

Bogi segir félagið vinna að nokkrum þáttum samtímis svo unnt verði að ná þessum markmiðum. „Þar má fyrst nefna flotaendurnýjun og notkun á sjálfbæru eldsneyti. Þetta snýst ekki bara um rafmagn heldur verða aðrir orkugjafar að koma til líka.“

„Sjálfbært flugvélaeldsneyti er til að mynda sá orkugjafi sem talið er að muni knýja tvo þriðju hluta flugs í heiminum. Til þess að iðnaðurinn ná þessum markmiðum. Það er sá orkugjafi sem mun gegna lykilhlutverki í því að draga úr notkun á jarðfnaeldsneyti í millilandaflugi á næstu áratugum.“

Fyrstu skref orkuskipta í flugi verða í styttri flugleiðum. Að mati Boga mun rafmagn og vetni henta fullkomlega í þeim tilvikum. „Við erum að horfa til þess að fara yfir á rafmagn og vetni í innanlandsfluginu og við erum að horfa til þess að fara yfir á slíkar vélar fyrir lok þessa áratugar.“

Bogi segir mikilvægt að átta sig á muninum á þessum ólíku orkugjöfum. Sjálfbært eldsneyti er annaðhvort lífildsneyti eða rafeldsneyti sem meðal annars má vinna úr grænu vetni.

„Að skipta yfir á vélar sem eru að fullu raf- eða vetnisdrifnar er af öðrum toga. Þar er um að ræða alveg nýja tækni og nýja nálgun. Hvað sjálfbæra eldsneytið varðar er þróunin drifin áfram af öðrum kröftum en hreinni tæknibyltingu vélanna sjálfra.“

„Flugfélög eru þegar farin að nota sjálfbært eldsneyti til íblöndunar við hefðbundið flugvélaeldsneyti en kostnaðurinn er hár og framboðið takmarkað. Það er tækifæri til að vinna slíkt rafeldsneyti hérlandis úr endurnýjanlegum orkulindum. Þannig að það eru ekki bara raf- eða



Í lok síðasta árs settu alþjóðasamtök flugfélaga sér markmið um kolefnishlutleysi fyrir árið 2050.

vetnisdrifnar flugvélar sem skapa tækifæri fyrir okkur hér á landi.“

Icelandair hóf á síðasta ári samstarf við tvö nýsköpunarfyrirtæki, bandaríska fyrirtækið Universal Hydrogen og sænska fyrirtækið Heart Aerospace, sem eru að þróa annars vegar vetnis- og hins vegar rafknúnar flugvélar fyrir innanlandsflug.

Fyrir á þessu ári gerði Icelandair svo samkomulag við Landsvirkjun um þróun lausna í orkuskiptum. „Þar erum við að horfa til verkefna um nýtingu á sjálfbæru eldsneyti, grænu vetni eða rafmagni, sem orkubera í flugi.“

Allt miði þetta að því að orkuskipti í flugsamgöngum komi til með að gjörbylta bæði innanlandsflugi á Íslandi og stöðu Íslands sem áfangastaðar, að mati forstjórans.

„Það sem er svo spennandi fyrir okkur hér tengist í raun sögunni og hvernig millilandaflug hefur þróast með Ísland sem þennan tengipunkt á milli heimsálfa. Með tilkomu orkuskipta sjáum við fyrir okkur að sagan muni endurtaka sig. Að Ísland verði áfram þessi tengipunktur. Ekki bara vegna legu landsins heldur líka vegna hreinleika orkunnar. Þetta mun gerast hraðar í innanlandsfluginu, en með tíð og tíma færast þetta yfir í millilandaflugið og þá verður Ísland í kjörstöðu til að gripa tækifærin sem felast í því.“

„Í raun stöndum við frammi fyrir svipuðu sóknarfæri nú og þegar við byggðum upp áfangastaðinn Ísland á sínum tíma. Við hjá Icelandair viljum að minnsta kosti horfa á þetta þannig. Bæði sem tækifæri og um leið skynsamlega umhverfisvæna þróun þar sem við viljum og ætlum okkur að leiða. Við stöndum á ákveðnum tímamótum og stjórnvöld verða að gæta þess að beina greininni inn í þennan græna farveg. Með jákvæðum hvötum frekar en álögum.“

Hvað tækifærin í innanlandsfluginu varðar áréttar Bogi að Ísland hafi alla burði til að taka forystu. „Þar



Með tilkomu orkuskipta sjáum við fyrir okkur að sagan muni endurtaka sig. Að Ísland verði áfram þessi tengipunktur. Ekki bara vegna legu landsins heldur líka vegna hreinleika orkunnar.

Bogi Nils Bogason

erum við líka að tala um kolefnislausar flugsamgöngur, ekki bara kolefnishlutlausar.“

„En svo er líka annar flötur á nýtingu nýrra orkugjafa í flugi en þessi augljósi umhverfisþáttur. Það snýr að kostnaði við hvert flugsæti. Það gefur augaleið að ef við keyrum innanlandsflugið á hreinni orku sem framleidd er hér á landi þá mun það hafa jákvæð áhrif á kostnað. Við sjáum þá fram á að keyra okkar flota á ódýrara eldsneyti en við gerum í dag. Þessir jákvæðu rekstrarlegu þættir munu að sjálfsögðu á endanum koma okkar viðskiptavinum til góða og auka tíðni ferða. Allir þessir þættir eru mjög ákjósanlegir fyrir strjálbýlt og fámennt land eins og Ísland.“

Að öllu samanlögðu telur Bogi fulla ástæðu til að taka orkuskipti í flugsamgöngum föstum tökum. „Samstarfið er algjört lykilatriði þegar kemur að þessum breytingum. Þegar tæknihindrunum hefur verið rutt úr vegi krefjast orkuskipti fyrst og síðast samstarfs við yfirvöld, flugmálastjórnir og fleiri aðila á borð við flugvelli til að tryggja þróun innviða í samræmi við tækniframfarir. Þá skiptir öllu máli að allir gangi í takt,“ segir Bogi Nils. ■

Lánsöm að hafa alltaf fundist gaman í vinnunni

■ Svipmynd

Hera Grímsdóttir

Nám:

MSc. í byggingarverkfræði með
áherslu á framkvæmdir og ákvörð-
unartöku og MBA frá Háskólanum
í Reykjavík.

Störf:

Ég hóf störf sumarið 2002 hjá verkfræðistofunni Línuhönnun, sem í dag heitir EFLA, fyrst á orkusviði og síðar á framkvæmda-
sviði. Árið 2011 söðlaði ég svo um og hóf störf hjá stoðtækja-
fyrirtækinu Össuri þar sem ég stýrði m.a. alþjóðlegum BIONICS
gervitímlímaferknum og starfaði við að koma nýrri vörulínu af
spælkum á markaðinn. Síðla árs
2015 tók ég svo við stöðu sem
sviðsstjóri yfir byggingasviði við
Háskólann í Reykjavík og er í dag
forseti iðn- og tæknifræðideildar.
Samhliða starfi mínu hjá HR hef
ég sinnt ýmsum verkefnum, m.a.
fyrir Landsvirkjun og sprotafyrir-
tæki, kennt verkefnisstjórnun,
áhættu- og ákvörðunartöku og
tölfræði hjá HR sem og í Opna há-
skólanum til fjölda ára. Jafnframt
sit ég í fagraði Tæknipróunarsjóðs
Rannís.

Fjölskylduhagir:

Ég er mikil fjölskyldumanneskja, er gift Birni Traustasyni, samtals eigum við þrjár dætur, eitt barnabarn og hund. Að auki er ég mjög náin systkinum mínum og foreldrum og finnst fátt skemmtilegra en þegar stórfjölskyldan hittist.

Hera Grimsdóttir er forseti iðn- og tæknifræðideildar Háskólans í Reykjavík. Hún segir feril sinn hafa verið ansi fjölbreyttan, einkennst af ólíkum verkefnum og umhverfi sem og stöðugt nýjum áskorunum. Hún hafi verið svo lánsöm að hafa alltaf fundist gaman í vinnunni og vinnan gefi henni mjög mikið, bæði vellíðan og útrás.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Mér finnst skemmtilegast að verja tíma með fjölskyldunni minni og vinum. Þó að ég njóti þess að vera heima, hafa það huggulegt og

lesa góða bók þá held ég að það sé óhætt að segja að ég sé frekar aktíf. Fer á snjóbretti og skiði, fer á hestbak þegar tækifæri gefst, spila golf og elska að ferðast innanlands sem utan. Þá hef ég einstaklega gaman af því að læra eitthvað nýtt og takast á við nýjar áskoranir.

Hvernig er morgunrúttínan þín?

Ég er vön að vakna um kl. 7 með dætrum mínum áður en þær fara í skólann en þær sofa þó lengur þessa dagana enda komnar í sumarfrí. Ég byrja svo alla daga á að kveikja á morgunútlarpinu, við fjölskyldan fáum okkur oftast morgunmat saman, græjum nesti og spjöllum um daginn sem framundan er. Þegar þær svo rjúka út í skólann fæ ég mér góðan kaffibolla eða tvo, skoða tölvupóstana og skipulegg daginn áður en ég held af stað til vinnu.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefni á undanförunum misserum?

Ad vera forseti iðn- og tækni-
fræðideildar Háskólans í Reykjavík
er bæði skemmtilegt, fjölbreytt
og krefjandi. Engir tveir dagar eru
eins og það er óhætt að segja að
mér hefur aldrei leiðst í vinnunni.
Deildin var stofnuð í mars 2019,
hefur verið í miklum vexti síðan
þá og er í dag fjórða stærsta deild
HR með rúmlega 500 nemendum.
Því fylgir mikil ábyrgð og traust
að vera forseti, því að það er afar
margt sem þarf að huga að þegar
kemur að núverandi og framtíðar
iðn- og tæknimenntun nemenda.
Þessar hröðu breytingar á störfum
og tækni sem við erum að sjá í dag
orsaka meiri eftirspurn eftir fólki
með sérhæfða tæknimenntun og
nýja gerð stjórnunarhæfni. Mest
krefjandi verkefni síðustu missera
hafa því verið að stofna þessa nýju
deild sem hefur það hlutverk að
undirbúa nemendur til að takast
á við þau fjölbreyttu verkefni sem
bíða þeirra við komuna út á vinnu-
markaðinn, sem og að takast á við
mikla vaxtarverki deildarinnar
vegna mikillar fjölgunar nemenda.
Við skulum ekki gleyma því að
Covid hafði mjög mikil áhrif á allt
skólastarf síðustu missera og gat
verið ansi krefjandi að aðlaga allt
starf vegna þess.

Ef þú ættir að velja þér annan starfsvettvang, hver yrði hann?

Orkumálin eiga hug minn allan



“

Mest krefjandi verkefni síðustu missera hafa því verið að stofna þessa nýju deild.

Hera Gríms-
dóttir segir París
vera uppáhalds-
borgina og hér
á landi er það
hálendið sem
heillar mest.

MYND/AÐSEND

Þessa dagana og ég mun taka við sem framkvæmdastýra Rannsóknar og nýsköpunar hjá OR þann 1. ágúst nk.

Hverjar eru helstu áskoranir framundan?

Næsta áskorun verður að takast á við nýtt starf sem framkvæmdastýra Rannsóknna og násköpunar hjá Orkuveitu Reykjavíkur í byrjun ágúst. Hlutverk OR er að nýta auðlindir á sjálfbæran og hagkvæman hátt og stendur Ísland frammi fyrir miklum tækifærum sem og áskorunum á komandi árum í þeim efnum. Orkumál eiga hug minn allan þessa dagana, ég fast ekki um að starfið verði krefjandi en á sama tíma skemmtilegt og ég er full tilhlökkunar að vinna með því góða

starfsfólki sem starfar hjá OR.

Hver er þín uppáhaldsborg?

Ég á mér margar upphalds- borgir enda nýt ég þess að ferðast. Í dag verð ég að segja að París standi upp úr en ég fór þangað fyrr á árinu í yndislega og eftirminnilega helg- arferð með manningum mínum og dætrum.

Hver er þinn uppáhaldsstaður á Íslandi?

Við fjölskyldan höfum alltaf ferðast mikið um Ísland og þá sérstaklega á sumrin, hvort sem er í útilegum, hestaferðum eða upp á fjöll. Held það sé erfitt að gera upp á milli allra þeirra einstöku staða sem landið hefur upp á að bjóða en ætli það sé ekki helst hálendi Íslands. ■

Flísar

Glæsilegt úrval af hágæða ítölskum flísum

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf



Dalvegi 10-14, 201 Kópavogi • 595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parkj.interiors

Flísar: Pietra Di Basalto Beige

Dauft þing



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Fyrsta þingvetri þessa kjörtímabils er að ljúka og þingheimur á leiðinni í sumarfrí. Þrátt fyrir að alls kyns krísur herji á landið og heiminn, hefur deyfð einkennt störf þingsins. Fá áhugaverð mál hafa verið afgreidd og engir stórir áfangar náðst. Þetta vita bæði stjórn og stjórnarandstaða.

Stjórnarandstaðan gefur þá fyrirsjáanlegu skýringu að mál stjórnarinnar hafi komið of seint til þingsins til að tryggja þeim vandaða meðferð í þinginu. Þingmenn í stjórnarandstöðu hafa einnig minnt á að skorað hafði verið á forsætisráðherra að halda þingkosningar síðasta vor frekar en að draga þær inn á haustið. Það fór svo að ekki var kosið fyrr en 25. september og í kjölfarið tók við tveggja mánaða óvissa um kosningaúrslitin. Ný ríkisstjórn var ekki mynduð fyrr en 28. nóvember og þetta fyrsta löggjafarþing því nokkrum vikum styttra en venjulega.

Ríkisstjórnin hefur aðrar skýringar á þessu tíðindaleysi í þinginu og segir stjórnarandstöðuna hafa komið í veg fyrir framgang mála með töfum og málþófi, og gengur jafnvel svo langt að kenna henni um að tefja mál sem hafa alls ekki verið lögð fram í þinginu og eru enn í vinnslu í ráðuneytum.

Hvað sem þessum skýringum þingheims á deyfðinni líður, fer ekki fram hjá landsmönnum hve mikið stjórnarflokkunum virðist leiðast í samstarfinu. Þótt ríkisstjórnin beri sig vel út á við, liggur óyndið í loftinu.

A síðasta kjörtímabili fékk ríkisstjórnin verkefnið í fangið. Afgreiða þurfti hvern björgunarpakkann á fætur öðrum, ýmist vegna veðurofsa, jarðskjálfta eða heimsfaraldurs. Taka þurfti erfiðar ákvarðanir um frelsisviptingar borgara og endurheimt þess frelsis á víxl. Í nógu var að snúast.

En svo var faraldurinn dæmdur úr leik. Flestar ríkisstjórnir hefðu fagnað því að vera komnar fyrir vind og geta farið að láta til sín taka. Af þeim þingvetri sem er að líða verður ekki séð að sitjandi ríkisstjórn hafi sýnt mikið frumkvæði. Hún hefur vissulega fengið nokkur verkefni til viðbótar í fangið eftir að faraldrinum lauk. Auk stríðs í Úkraínu hafa heimatilbúin vandamál, eins og bankasala og fjöldabrottvísanir, haldið henni upptekinni að einhverju marki. En að þessum vandamálum upptöldum er enn nokkur ráðgáta hvað ríkisstjórnin er að sýsla svona frá degi til dags.

Þing kemur aftur saman í október og að óbreyttu fær ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur þá sinn fyrsta heila þingvetur frá heimsfaraldri til að sýna hvað í henni býr. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

Gefur og tekur

Fáar þjóðir eru jafn mikið komnar upp á náð og miskunn náttúrunnar og Íslendingar. Eftir hrún og faraldur var það náttúran sem bjargaði. Torfur af makríl og glás náttúruþerla sem ferðamenn vildu sjá. En móðir náttúra vill jafnvægi og stýringartól hennar heitir lúsmý. Veðrið leikur nú við landann á suðvesturhorninu en þá er lúsmýið fyrr á ferðinni. Hryllingsmyndir eru byrjaðar að birtast af sundurbitnu sumarbústaðafólki. Rósráðu, stokkbólgnu og emjandi af kláða. Já, móðir náttúra kann listina að gefa og taka til jafns.

Kettirnir pagna

Talandi um náttúruna. Vinstri græn sköpuðu sér litlar vinsældir náttúruverndarsinna með því að samþykkja rammaáætlun Sjálfstæðisflokksins í vikunni. Lítið hefur heyrst frá þeim fyrir utan varaþingmann sem sagðist ekki tilbúinn að taka undir að Vinstri græn væru hætt að vera „einhver náttúruverndarflokkur“. Hann ætlaði nú samt að samþykkja áætlunina. Það er af sem áður var þegar í Vinstri grænum fundust kettir sem gátu hvæst, bæði villikettir og húshollir heimiliskettir. Nú hvæsir ekki einu sinni fyrrverandi formaður Landverndar og umhverfisráðherra. Kettirnir eru pagnaðir, enda með væna rjómasettu í skálinni sinni. ■

Máli skiptir hver stjórnar



Helga Vala
Helgadóttir
þingflokksfor-
maður Samfylk-
ingarinnar

Hvers virði er það að sitja í öndvegi við ríkisstjórnarborðið ef völdin sem því fylgja eru ekki nýtt? Það þarf að gera málamiðlun í stjórnarsamstarfi en þegar fórnirnar eru hjartans málin og þjónkunin er algjör má spyrja sig hvort þessir þrír flokkar sem nú skipa ríkisstjórn séu svo ólíkir þegar á reynir. Sú ákvörðun ríkisstjórnarflokka að færa Héraðsvötn og Kjalölduveitu úr verndarflokki í biðflokk eru stórtíðindi og alls ekki eins léttvæg aðgerð og forsætisráðherra hefur viljað vera láta. Sú sátt sem rammaáætlun var ætlað að skapa byggir á þeirri grundvallarforsendu að náttúruverðmætum sé raðað í flokka út frá faglegum forsendum. Ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur hefur hins vegar tekið ákvörðun sem gengur þvert gegn hugsjónum Vinstri grænna og gegn ráðleggingum fagfólks. Það má spyrja sig hvort um pólitísk hrossakaup sé að ræða en þá þarf að svara því hvað Vinstri græn fá fyrir kaupin?

Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar, sem samþykkt var á Alþingi í gær, sést að forgangsroðunin er hvorki vinstri né græn. Áætlunin mætir ekki því neyðarástandi sem ríkir í heilbrigðiskerfinu, fjármagnar ekki boðaða húsnæðisuppyggingu, skapar ekki svigrúm fyrir breytingu á kjörum viðkvæmustu hópa samfélagsins né tryggir velferðarþjónustuna. Nú hefur líka komið á daginn að félagsmálaráðherra Vinstri grænna nýtir ekki einu sinni það svigrúm sem veitt var í fjárlögum ársins 2022 til hækkunar atvinnuleysisbóta, heldur er hækkunin lægri en samþykkt var.

Hvers virði er það að sitja við borðsendann þegar grundvallarmál, sem áður voru í stefnu flokksins, eins og réttindi fólks á flótta, eru seld fyrir ráðherrastóla? Þegar ráðherrar í ríkisstjórn gera ekkert til að hafna breytingum á lögum sem skerða grundvallarrétt flóttafólks verulega og lofa liðsinni sínu við afgreiðslu máls út úr þingi? Er það og annað það sem hér hefur verið nefnt málamiðlun eða er þetta stefna flokksins sem leiðir ríkisstjórnina? ■

AYJA - K129

3ja sæta, 2ja sæta og stóll.
Margir litir af áklæði eða leðri.



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Bláeygðu börnin á Íslandi



Ole Anton Bieltvedt
stjórnsmálaráðgjafi og dýraverndar-sinni

Sá, sem er „bláeygður“ er oft talinn einfaldur og trúgjarn. Barnalegur. Felst þessi merking orðanna í fyrir-sögninni.

Það dýrmætasta sem við eigum

Á Íslandi telja ýmsir að Bandaríki Norður-Ameríku (BNA) tryggji okkur, íbúum hins vestræna heims, öryggi og frelsi, menningu okkar, lífshætti og velferð til frambúðar.

Þetta, sem er það dýrmætasta, sem við eigum, standi fyrir tilstyrk BNA á bjargi.

Hættulegur barnaskapur

Fáfræði og skilningsleysi þessa fólks er fyrir mér á háu og hættulegu stigi. Fáfræði og heimska eru erfið viður-eignar. Þar fer eins um staðreyndir og rök, eins og vatnið, sem skvett er á gæs.

Á Alþingi situr fólk, sem er sannfært um, að BNA veiti okkur framtíðaröryggi á öllum sviðum. Er þetta barnaskapur.

Klofin þjóð

BNA er klofin þjóð.

Þar takast á tvær andstæðar fylkingar, annars vegar mikillar íhalds-semi og heimóttarskapar, þar sem þröngsýni, þekkingarleysi og sjálfs-dýrkun ráða för, og, hins vegar, frjálss-lyndrar, mannúðlegrar og ábyrgar alþjóðahyggju, þar sem þekking, víðsýni og tillitssemi við aðra sitja í fyrirrúmi.

Þessi klofningur kemur t.a.m. fram í afstöðu til réttar einstaklinga, frá 18 ára aldri, til vopnaburðar, til réttar kvenna til föstureyðingar, til afstöðu þeirra, sem minnst mega sín í þjóð-félaginu og réttar þeirra til réttlætis og velferðar svo og til afstöðunnar til alþjóðasamvinnu.

Donald Trump

„America first“ var slagorð Trumps, sem fyrri fylkingin studdi og var tilbúin til að rústa sínu eigin þjóðþingi, Capitol, fyrir, og heimta í leiðinni, að varaforsetinn yrði hengdur.

Það segir sína sögu um ástandið í BNA, að fávís, sjálfumglaður ribbaldi, eins og Donald Trump, skyldi vera kosinn forseti landsins.

Trump taldi, að hagsmunir BNA ættu að ganga fyrir öllu, að loftslagsváin og umhverfispilling væri tilbúningur, fake news, enda sagði hann BNA frá Parísarsamkomulagi þjóða heims og leyfði stórfelld ný loftslags- og náttúruspjöll í sínu eigin landi, jafnframt því sem hann velti upp þeirri hugmynd, að gott kynni að vera, að drekka klórblöndu við Covid.

Til að komast yfir konu, taldi hann snjallt að grípa í klof hennar: „Grab them by the pussy.“

Góðvinir Trumps

Trump taldi Pútín og Kim Jong-un góða menn og merka, enda naut hann ótæpilegs stuðnings þess fyrrnefnda í kosningabaráttunni 2016, þar sem ekkert var til sparad af áróðri og ósannindum á netinu, til að tryggja Trump brautargengi.

Varð þar til gagnkvæm vinsemd, nánast bræðralag. Hefði Trump vart staðið gegn árásarstríði Pútíns í Úkraínu, hefði hann verið endurkosinn 2020.

Vel fór líka á með Trump og Bolsonaro í Brasilíu, sem leyfði stór-aukinn ágang á „lungu jarðar“, regnskógana í Amazon.

Uppnám í NATO

Sumarið 2018 mætti Trump á NATO-

fund í Brussel, þar sem hann hótaði öðrum aðildarþjóðum, að, ef þær settu ekki þá fjármuni í varnarmál, sem stefnt var á, myndi hann „do his own thing“.

Aðspurður, hvað þetta þýddi, hvort BNA myndu ekki verja önnur NATO-lönd gegn mögulegri árás Rússa, ef ekki væri greitt, svaraði Trump: „That’s exactly what it means.“

Trump gaf líka til kynna, að það orkaði mjög tvímælis, hvort verja ætti smáþjóð, eins og „tiny Monte-

negro“, sem þá var nýr NATO-meðlimur.

Öryggisráðgjafi Trumps, John Bolton, sem var með honum á ráðstefnunni, segir í bók sinni „The Room Where it Happened“, að hann hafi verið með lifið í lúkunum, „I had my heart in my throat“, að Trump myndi segja BNA úr NATO á þessum fundi.

Í viðtali við The Washington Post bætti hann við, að hann væri sannfærður um, að Trump hefði sagt BNA úr NATO, hefði hann verið endurkosinn.

Hvað með „tiny Iceland“?

Sem stendur ræður fylkingin, sem við getum treyst, í BNA. En hversu lengi verður það? Aftur verður kosið 2024. Hverjum veita Bandaríkjamenn þá völdin? Donald Trump, eða einhverjum hans líka?

Ef Rússum eða Kínverjum skyldi þóknast að hertaka eyjuna litlu, „tiny Iceland“, norður í Dumbshafi, til að tryggja tókin á Norðurslóðum, hvað skyldi þá Trump, eða annar slíkur, gera, ef BNA væri þá enn í NATO?

Við getum ekki treyst á BNA með varnir, frelsi og öryggi Evrópu. Heldur ekki á Tyrki, sem búa yfir öðrum fjölmennasta her NATO-ríkjanna.

ESB-löndin 27 mynda kjarna Evrópuþjóða. ESB býr yfir gifurlegum efnahagsstyrk, sem nú verður að færa yfir í varnar- og hernaðarstyrk, í framtíðinni verður hvort tveggja að koma til, og verður Ísland að gerast fullur þátttakandi í þessu samstarfi evrópskra systra- og bræðraþjóða okkar. Annað væri bláeygður barnaskapur og ábyrgðarleysi. Heimska. ■



RARIK Í 75 ÁR



Opin hús hjá RARIK í tilefni af 75 ára afmæli

Í dag, miðvikudaginn 15. júní verða opin hús á völdum starfsstöðvum RARIK víðsvegar um landið í tilefni af 75 ára afmæli fyrirtækisins. Þá munu starfsmenn RARIK taka á móti gestum og kynna aðstöðu og starfsemi fyrirtækisins á hverjum stað og bjóða upp á kaffi og aðrar veitingar. Viðskiptavinir, eldri starfsmenn og aðrir velunnarar RARIK eru sérstaklega velkomnir.

Opnu húsin verða frá kl. 16:00 til 18:00 á eftirtöldum stöðum:

Borgarnes: Sólbakki 1 | **Stykkishólmur:** Hamraendar 2 | **Blönduós:** Ægisbraut 3 | **Sauðárkrúkur:** Borgartún 1a
Akureyri: Óseyri 9 | **Þórshöfn:** Langanesvegur 13 | **Egilsstaðir:** Þverklettar 2-4 | **Fáskrúðsfjörður:** Grímseyri 4
Hornafjörður: Álaugarvegur 11 | **Hvolsvöllur:** Dufþaksbraut 12

Verið velkomin og fagnið með okkur merkum áfanga í sögu RARIK.

... og mamma grét



Marteinn Sverrisson sonur aldraðrar móður

Hún mamma er mikil dugnaðarkona. Hefur alla tíð hugsað vel um heilsuna, hreyfingu og hollt mataræði. Alltaf að prófa eitthvað nýtt í þeim málum; hollstuuppskriftir úr „Alt for Damerne“, leikfimiæfingar úr „Hendes Verden“ eða eitt-hvað annað sniðugt. En mamma hefur elst eins og gerist og gengur. Er komin á tíræðisaldur og verður víst að setta sig við að geta ekki séð um sig sjálf lengur. Vissulega erfitt að þurfa að jata sig sigraða fyrir elli kerlingu en þetta er gangur lífsins. Mamma er sem sagt komin inn á spítala og hún fer líklega ekki heim til sín aftur. En einmitt á þessum

tímamótum gæti okkar góða heilbrigðiskerfi tekið á móti mömmu, umvafið hana með umhyggju og kærleik svo síðustu árunum væri varið í áhyggjuleysi og góðu yfir-læti. Þannig er það bara ekki. Og það sem verra er, það er enginn að fara að gera það þannig. Ekki vegna þess að það vanti peninga. Ekki vegna þess að það vanti húsnæði. Ekki vegna þess að það vanti starfs-fólk. Heldur vegna þess að það er bara öllum sk...sama. Síðasta ársfjórðunginn hefur mamma haft viðkomu á nokkrum stofnunum. Byrjaði eiginlega með hvíldarinnlög á Hrafnistu í Hafnarfirði. Í afskekktu kjallaraherbergi þar vissi hún ítrekað ekkert hvar í heiminum hún væri og af hverju. Þar niðri var oftast ekki nokkra aðra sálu að sjá og mamma, sem ræður illa við að kalla eftir aðstoð með bjölluhnapp, gat lítið annað en bara grátið yfir bágborinni stöðu sinni. Þar tók reyndar steininn úr þegar ráðist var í framkvæmdir

með múrbroti og öðrum hávaða. Ég kom að mömmu ælandi af höfuð-kvölum vegna hávaðans. Þrátt fyrir samtal við vakthafandi stjórnanda heimilisins reyndist engin leið til að stöðva þessi læti. Ég neyddist því til að taka mömmu út af stofnun-inni, enda öllum bara sk...sama. Það liðu ekki margir dagar áður en flytja þurfti mömmu með sjúkrabil á bráðamóttöku Landspítalans. Þar mátti hún dúsa í nokkrar nætur meðan beðið var eftir öðru úrræði því bráðamót-takan er að sjálfsgöðu ekki að fara að lækna mömmu af ellinni. Bráðamóttakan er heldur ekki með neina þjónustu fyrir svona eldri dómur eins og mömmu. Eftir nokkra daga var mamma því send með hrað-sendingu á aðra deild. Sú deild hafði reyndar enga þjónustu heldur en þangað var hún samt flutt með slíkum hraða að við aðstandendur vorum ekki látin vita. Og hún var skólaus í þokkabót, skórnir bara hurfu. Engum á bráðamóttökunni

virtist koma skóleysið eða ákvörð-unarstaður mömmu við, enda öllum sk...sama. Eftir meira flakk milli deilda á Landspítalanum endaði mamma loks inni á öldrunardeild, B4. Mikið var okkur létt að nú væri hún loks komin undir verndarhendi sér-fræðinga við hæfi. Á vef deildar-innar er lýsing á starfseminni sem lofar góðu en sjúkrahjálfarar, iðju-þjálfarar, félagsráðgjafar, sálfræð-ingar og næringarráðgjafar starfa þar með læknum og hjúkrunarfólki í að sinna öllum þörfum gamla fólksins. En, nei! Mamma fær ekki að njóta neins þessa. Það er nefni-lega búið að meta hennar stöðu þannig að hún ætti að vera á hjúkr-unarheimili. Eins og flestir vita eru engin pláss á lausu á slíkum heim-ilum þannig að mamma er bara á biðlista. Fólk á biðlistum fær ekki að njóta þeirrar öldrunarþjónustu sem veitt er á þeim deildum sem „geyma“ fólkið á meðan. Jafnvel þótt um öldrunardeild sé að ræða



Heldur vegna þess að það er bara öllum sk... sama.

er mamma bara geymd þarna þar til þeim tekst að losa sig við hana aftur og á meðan er þeim bara sk... sama. Mamma er því enn án þeirrar þjónustu sem hún þyrfti að fá. Hún er illa áttuð og liður illa af hreyfing-arleysi og einveru. Aðstandendur mega takmarkað heimsækja hana, að sögn vegna Covid, og lítið hægt að gera til að bæta stöðuna. Ein-hvern veginn upplifum við eins og öllum sé bara sk...sama. Fréttirnar sem við aðstand-endurnir flytjum hvert öðru eftir heimsóknir innihalda því allt of oft „... og mamma grét“. ■

Stóðst ríkisstjórnin prófið í rammaáætlun?



Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir þingmaður Viðreisnar og varaformaður um-hverfis- og sam-göngunefndar

Engin hreyfing hefur verið hvað varðar rammaáætlun frá árinu 2016. Það er ábyrgðarhluti að ekki hefur tekist að vinna málið hraðar en raun ber vitni í ljósi þeirra samfélagslegu hagsmuna sem eru að baki. Það er því fagnaðarefni að rammaáætlun sé loks að ná fram að ganga. Sömuleiðis er jákvætt að í fyrsta sinn eru tilgreindir virkjunarkostir í vindorku. Verkefnið er að ná fram heilbrigðu jafnvægi milli nýtingar og verndar. Komandi kynslóðum stendur ógn af loftslagsbreytingum og orkuskipti eru grundvallarþáttur um að sporna gegn þeim. Metnaðarfull markmið sem og skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum gera að verkum að orkuskipti eiga að vera forgangsmarkmið. Aðgerða er þörf í þágu orkuskipta og til þess þarf aukinn aðgang að endurnýjanlegri orku, sem hægt er að ná fram með betri nýtingu þeirra auðlinda sem þegar eru nýttar, með styrkingu dreifikerfis um landið allt, sparsemi í notkun og aukinni orkuvinnslu. En samhliða ógninni af loftslags-breytingum er sífellt betri skilningur og áhersla á mikilvægi og verðmæti óbyggðra víðerna sem ríkur vilji er til að standa vörð um. Það hefur þess vegna mikla þýðingu að hafa skýrar leikreglur og stjórnþæki á borð við rammaáætlun til að stuðla að skilningi og sátt í samfélaginu og

til þess að ná fram því jafnvægi sem stefnt er að.

Mikilvægt að vinna hraðar Lærdómur undanfarinna ára hlýtur að vera sá að færri kostir séu lagðir fram í hverri tillögu. Hagsmunirnir að baki eru miklir, margir þessara kosta eru umdeildir og málefnið stendur mörgum tilfinningalega nærri. Hvað varðar mikinn fjölda virkjunarkosta má nefna að 28 virkjunarkostir voru í biðflokki án þess þó að nokkur virkjunaraðili hafi óskað eftir mati á þeim. Þetta eru virkjunarkostir sem Orkustofnun fól verkefnisstjórn að fjalla um, í sam-ræmi við heimild stofnunarinnar í lögum. Þessir virkjunarkostir eru flokkaðir í biðflokk fyrst og fremst vegna þess að ekki liggja fyrir full-nægjandi upplýsingar um viðkom-andi virkjunarkosti. Þetta hefur hins vegar þau áhrif að á meðan er annarri landnýtingu á svæðinu takmörk sett. Óskað var eftir því að Orkustofnun myndi draga alla þessa virkjunarkosti til baka. Mjög jákvætt var að Orkustofnun skyldi fús til þess og með því stuðla að því að vinna við þingsályktunartillöguna yrði einfaldari.

Þau taki ákvörðun sem bera ábyrgðina Alþingi er ekki bundið af tillögum verkefnisstjórnar og getur gert breytingar á tillögunum. Þetta er hin eðlilega aðferðafræði og mikilvægt að endanleg ákvörðun sé á hendi þeirra sem bera á henni pólitíska ábyrgð. Það er því ekki gagnrýnisvert eitt og sér að þingið geri breytingartillögur. Þær verða hins vegar að vera byggðar á sterkum rökum í þágu almanna-hagsmuna. Tillögur verkefnis-



stjórnar um virkjunarkosti byggja á mati faghópa sem skipaðir eru sérfræðingum sem leiðir til þess að gera verður ríkar kröfur til þingsins um að breytingar séu vandlega rök-studdar og ljóst sé á hvaða forsend-um og rökum þær hvíla. Það er hér sem verulega vantar upp á af hálfu ríkisstjórnarflokkanna þriggja. Breytingartillögur um Héraðsvötn og Kjalölduveitu eru illa rökstuddar, þar sem þessir kostir eru færðir úr verndarflokki. Þessar tillögur standast einfaldlega ekki lágmarkskröfur um að þær séu vandlega rökstuddar, að ljóst sé á hvaða forsendum þær byggja og síðast en ekki síst að þær séu í þágu heildarhagsmuna en ekki sérhagsmuna.

Pólitísk hrossakaup Ef borin er virðing fyrir hinu mikil-væga viðfangsefni blasir við að rök-styðja ákvarðanir. Stundum eru hlutirnir ekkert flóknari en þeir virðast. Um Héraðsvötn blasir við að pólitísk hrossakaup ríkisstjórn-

arflokkanna hafa leitt af sér niður-stöðu sem fer algjörlega gegn mati sérfræðinga og verður ekki rökstutt með ríkum almannahagsmunum. Tillagan er áfellsisdómur um vinnu-brögð þeirra flokka sem þar standa að baki. Umfjöllun ríkisstjórnar-flokkanna um Kjalölduveitu vekur sömuleiðis spurningar en ekki eru færð fram rök fyrir því hvað gerir að verkum að aftur þurfi að meta þann kost. Misvísandi rök sem sett eru fram um neðri hluta Þjórsár er annað atriði sem skilur eftir spurningar. Annars vegar er talað um að líta á svæðið sem heild og að horfa eigi til allra þriggja virkjunarkosta í neðri hluta Þjórsár við það mat. Þar virðist mega lesa út úr orðunum að heildstætt mat þriggja kosta sé fram undan. Engu að síður á rétta ríkis-stjórnarflokkarnir að virkjunar-kosturinn Hvammsvirkjun standi óbreyttur. Hver er þá staðan? Með þessari framsetningu skila ríkis-stjórnarflokkarnir niðurstöðu sem

skapar réttaróvissu fyrir alla hlutað-eigandi aðila.

Hið heilbrigða jafnvægi Viðreisn hefur talað fyrir því að orkufyrirtæki skulu nýta sem best þá raforku sem má framleiða á núver-andi virkjanasvæðum. Flokkunin frá verkefnastjórn byggir á sömu nálgun. Ríkisstjórnin vikur núna frá þessum viðmiðum án þess að fyrir liggja haldbær rökstuðningur um ákveðnar breytingartillögur. Þá er ekki heldur fjallað um hversu mikil raforka færast milli flokka, það er hvaða áhrif það hefur á þá raforku sem verður í nýtingarflokki eftir breytingartillögur meirihlutans. Ekkert mat er um hver áhrif þessara breytingartillagna verða. Að sama skapi er ekki fjallað um hagkvæmni virkjunarkosta sem færast milli flokka eða þjóðhagsleg áhrif þeirra. Hver verða áhrifin á markmið stjórn-valda um orkuskipti? Verða þau dýr-ari eða ódýrari við þessar breytingar meirihlutans? ■

Hringrásarlausnir fyrir byggingariðnað



Katarzyna Jagodzińska verkefnastjóri hjá Grænni byggð

Búið er við að íbúum á höfuðborg-arsvæðinu fjölgi umtalsvert á næstu 20 árum og því þarf að byggja meira. Griðarlegt álag er sett á byggingar-iðnaðinn og í kjölfarið myndast meiri úrgangur. Byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir um helmingi

af öllum úrgangi á Íslandi, og ef við skoðum stóra samhengið þá notar byggingariðnaðurinn á heimsvísu um helming af öllu hráefni sem unnið er úr steinhvolfinu. Þess vegna er mikilvægt að framtíðar-byggingar okkar ferli í sér vistvænar hringrásarlausnir. Rétt eins og nafnið ber til kynna snúast hringrásarlausnir um hring-rás – vörur sem notaðar eru í einu ferli verða vörur eða auðlindir fyrir annað ferli. Þannig minnkum við eða hættum jafnvel alveg að fram-leiða úrgang. Í dag nýtum við auð-lindir, búum til vörur úr þeim og hendum þeim svo þegar búið er að



Byggingariðnaðurinn er ábyrgur fyrir um helmingi af öllum úrgangi á Íslandi.

nota þær. Þetta línulega hagkerfi ber ábyrgð á úrgangsstraumunum sem flæða yfir plánetuna okkar. En hvernig yfirfærum við hring-rásarhagkerfið yfir á byggingar-iðnaðinn? Við hjá Grænni byggð reynum að svara þessari spurningu með nýju tveggja ára verkefni sem ber heitið CIRCON. Það hófst 1. apríl á þessu ári í samvinnu við tvo pólska samstarfsaðila – Pólska Grænni byggð og Síleska Tækniháskólann. Verkefnið miðar að því að styrkja innleiðingu hringrásarhagkerfis í byggingargeiranum með því að búa til hagnýtar leiðbeiningar um

hvernig skal hanna vistvænar bygg-ingar með hringrásarhagkerfið að leiðarljósi. Þessar leiðbeiningar verða unnar í náinni samvinnu við íslenska sérfræðinga úr byggingar-geiranum til að endurspegla ein-stakar íslenskar aðstæður. Síðan verður leiðbeiningunum dreift víða meðal fagfólks í byggingar-geiranum. CIRCON verkefnið hlaut 361.422 evru styrk frá Íslandi, Liech-tenstein og Noregi í gegnum EES- og Noregsstyrki, og er samfjármagnað með ríkisstyrkjum Póllands. Áhugasamir geta kynnt sér CIR-CON nánar á heimasíðu Grænni byggðar. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 15. júní 2022

KYNNINGARBLAÐ



Vistkerfi finnst á 500 metra dýpi í stærstu ishelli Antarktíku.

Lífið undir ísnum

jme@frettabladid.is

Vísindamenn uppgötvaðu nýlega áður óþekkt lífríki í árfarvegi á um 500 metra dýpi í Ross ishelli, stærstu ishelli Antarktíku. Nýsjálenskir vísindamenn frá National Institute of Water and Atmospheric Research (NIWA), bræddu þar holu í gegnum ishellið að neðanjarðar, eða öllu heldur neðanissá, sem er rúmlega 10 kílómetra löng, 250 metra breið og 250 metra djúp. „Ímyndaðu þér svæði á stærð við höfnina í Sydney, úr ís og snjó,“ segir Craig Stevens, haffræðingur hjá NIWA.

Iðandi af marflóm

Þarna niðri er ótrúlega dimmt og kalt enda of djúpt í ísnum til að sólarljós nái að skína þar. Vísindamenn urðu því hissa þegar þeir létu rannsóknartækin síga niður í ána og fundu þar árfarveg sem var iðandi af marflóm.

„Að sjá öll þessi dýr syndandi í kringum myndavélina merkir að þarna er augljóslega mikilvægt vistkerfisferli í gangi, sem við munum rannsaka frekar,“ segir Craig. „Stundum sáum við mikla mergð en öðrum stundum voru fá dýr á ferli. Þessi breytileiki er hluti af því sem gerir þetta svona spennandi,“ bætir hann við.

Veröldin undir ísmassa Antarktíku er enn ráðgáta, enda er töluvert flókið að komast að þessum neðanissám. Fyrir utan veðrið þá þarf að bora í gegnum þykkann ís og senda niður dróna eða myndavélabúnað. Þetta er ástæða þess að hið fræga skip Ernest Shackletons, the Endurance, fannst ekki fyrr en meira en öld eftir að það týndist. ■



Karítas Ármann starfaði síðasta vetur hjá Kempinski Hotel Mall of the Emirates hótelinu í Dúbaí.

MYND/GÍGJA DÖGG EINARSDÓTTIR

Endaði óvænt í Dúbaí

Karítas Ármann upplifði skemmtileg og spennandi ævintýri í Dúbaí síðasta vetur þar sem hún starfaði hjá Kempinski Hotel Mall of the Emirates hótelinu eftir að hafa lokið námi við César Ritz hótelskólann í Sviss. Í sumar starfar hún hjá fjölskyldufyrirtækinu. **2**





Starri Freyr Jónsson
starri
@frettabladid.is

Karítas Ármann starfaði síðasta vetur hjá Kempinski Hotel Mall of the Emirates hótelinu í Dúbaí. Þar gegnir hún stöðu „Lady in Red“, sem er nokkurs konar gestgjafi hótelsins. Starfið er ein af lykilstöðum innan Kempinski keðjunnar en hún sér um að taka á móti gestum og sjá um að bjóða upp á persónulega, faglega og einlæga þjónustu. „Ég sé því um móttöku gesta, skipulegg allar komur VIP gesta, samskipti við gesti, tek á móti öllum séróskum og meðhöndla ábendingar og kvartanir þegar þær koma upp, ásamt ýmsum fleiri verkefnum.“

Karítas hóf störf í Dúbaí eftir að hafa lokið námi við César Ritz hótelskólann í Sviss en þar áður hafði hún lokið Diploma in Hospitality management frá HR.

Komið víða við

Segja má að Karítas hafið verið viðloðandi einhvers konar ferðaþjónustu frá því hún var stelpa. „Ég er fædd og uppalin á Friðheimum í Bláskógabyggð og er því sveitastelpa í húð og hár. Frá yngri árum hef ég verið starfandi í fjölskyldufyrirtækinu okkar og hef því í raun alist upp í ferðaþjónustugeiranum. Þar spratt upp mikill áhugi fyrir ferðaþjónustu og þjónustustörfum, ásamt mikilli ævintýraþrá til að sjá, skoða og upplifa heiminn og kynnst ólíkum menningarheimum. Síðustu ár hef ég farið í spænskuskóla á Spáni, dvalið nokkrar vikur í Svíþjóð að vinna á hestaleigu, verið í háskóla í Sviss, og núna síðastliðið haust flutti ég út til Dúbaí.“

Langaði að prófa eitthvað nýtt

Stefnan var ekkert endilega sett á Dúbaí að námi loknu í Sviss, segir Karítas. „Á síðustu önninni minni í Sviss var ég farin að hugsa hvað ég ætti að gera eftir útskrift. Mig langaði að prófa eitthvað nýtt og að fara eitthvert út í heim og heimsækja ný lönd. Fyrirtækið sem ég vinn hjá hafði samband við mig og bauð mér í atvinnuviðtal. Síðan hófust margir Zoom-fundir með ólíkum stjórnendum hjá fyrirtækinu og eftir nokkrar vikur ákvað ég að taka af skarið og samþykkja atvinnutilboðið hjá þeim. Þetta var í raun mjög óvænt þar sem ég hafði aldrei íhugað að flytja til Dúbaí, en á sama tíma mjög velkomið tilboð þar sem ég var í leit að einhverju nýju og öðruvísi.“

Lærði að standa á eigin fótum

Hún segir dvölinu í Sviss hafa verið æðislega og hún hugsar oft hvað hún væri til í að upplifa það ævintýri aftur. „Þetta var að sjálfsögðu mikill rússibani og hafði sína kosti og galla, eins og allt annað, en yfir það heila þá var þetta besta ákvörðun sem ég hef tekið. Ég lærði alveg helling, kynntist svo mörgu fólki alls staðar að úr heiminum og öðlaðist tækifæri sem ég hefði aldrei getað ímyndað mér, ásamt því að stækka tengslanetið til muna.“

Skólinn var mjög alþjóðlegur að hennar sögn, sem skapaði mjög skemmtilegt umhverfi. „Við bjuggum og lærðum á tveimur stöðum í Sviss, fyrst í Lucerne, sem er fallegasta borg sem ég hef búið í, og síðan í bæ sem heitir Brig og er rétt við landamæri Ítalíu. Að vera frá fjölskyldu og vinum á Íslandi kenndi mér líka að standa á eigin fótum og það er reynsla sem hefur styrkt mig mikið, og væri ég ekki á þeim stað sem ég er á í dag án hennar.“

Að vera á heimavist með fólki frá ólíkum löndum gaf henni einnig færi á að kynnst ólíkum menningarheimum og kenndi



Karitas Ármann útskrifaðist frá César Ritz í Sviss eftir að hafa stundað nám í Háskólanum í Reykjavík.

MYNDIR/ÁSENDAR



Sólsetrið í Dúbaí er fallett.

“Ég hef mikla ástríðu fyrir að vinna með fólki og finnst mjög skemmtilegt að læra nýja hluti.

Karitas Ármann

henni margt um samskipti og mannlega hegðun milli fólks með mismunandi uppruna. „Námið styrkti mann því ekki aðeins faglega heldur einnig sem persónu og ýtti undir mikinn vöxt hjá mér persónulega.“

Spennt fyrir framtíðinni

Næstu ár eru nokkuð óráðin að sögn Karítasar. „Ég er bara smá að spila af fingrum fram en að sjálfsögðu er draumurinn að vaxa innan hótél- og ferðaþjónustugeirans og öðlast frekari þekkingu og reynslu. Ég hef mikla ástríðu fyrir að vinna með fólki og finnst mjög skemmtilegt að læra nýja hluti og kynnst nýjum menningarheimum, svo hver veit hvar ég enda á næstu árum. Einnig er ég mjög opin fyrir nýjum tækifærum og er alltaf að leitast við að læra eitthvað nýtt, svo ég er mjög spennt að sjá hvað framtíðin ber í skauti sér. Í sumar ætla ég þó að einbeita mér að starfi mínu hjá Friðheimum, þar sem ég er meðal annars að vinna að nýjum og spennandi verkefnum með fjölskyldunni. En næsti vetur er alveg óráðinn.“ ■



Skýjakljúfarnir í Dúbaí setja svip sinn á borgina.



Foreldrar Karítasar heimsóttu hana til Dúbaí og ferðuðust aðeins um landið.



20% AFSLÁTTUR
af völdum yfirhöfnum

Tískan

BRAX

MaxMara

comma,



ÁRMÚLI 5 - 551 0300

Mögnuð áhrif á húðina, orku og úthald

Eftir að Hulda hóf að taka inn Astaxanthin frá ICE-HERBS finnur hún mun á heilbrigði húðarinnar. Hún finnur síður fyrir bólgu og eymslum í líkamanum og bætiefnið gefur henni orku og úthald til að takast á við annasama daga.

Hulda Rós Hákonardóttir hóf að taka inn Astaxanthin fyrir átta mánuðum síðan eftir að systir hennar, Hrafnhildur, mælti með því. „Hún sagði mér hvað það hefði gert sér gott og það vakti forvitni mína,“ segir Hulda, sem er einn eigandi Ger verslana sem reka Húsgagnahöllina, Betra bak og Dorma.

Góð áhrif á systurina

„Systir mín lýsti fyrir mér hvað Astaxanthin hafði gert fyrir sig. Hún sagðist finna fyrir minni bólgu og það gæfi henni einnig aukna orku og styrk í æfingum. Sjálf hef ég alltaf eftir frekar mikið svo það talaði til mín. Einnig minnst hún á áhrif Astaxanthins á húðina, en þegar maður nálgast fimmtugsaldurinn er alltaf stór plús ef eitthvað getur hægt á öldrun húðarinnar,“ segir Hulda kankvís.

Liður almennt betur

Hulda segist ekki hafa prófað neitt áður sem eigi að hafa svipaða virkni og Astaxanthin. „Ég hef þó alltaf verið dugleg að taka inn vítamín, og sér í lagi við hækkandi aldur. Eftir að ég byrjaði að



taka inn Astaxanthin finn ég mun á bólgu í líkamanum. Áður vaknaði ég oft þrútin, á höndum sérstaklega, og var aum í liðunum. Þetta hefur nánast alveg horfið eftir að ég bætti Astaxanthini við daglega rútinu. Mér finnst húðin líka mun betri og þar sem það hefur nú verið

ágætis veður undanfarið, finn ég að ég er mun síður viðkvæm fyrir sólinni. Ég finn líka mun á mér eftir æfingar. Þegar ég hef verið að lyfta þá er líkaminn sneggri að jafna sig. Svo á ég stóra fjölskyldu, er með fjóra unglinga og rek líka eigið fyrirtæki. Það er því alltaf nóg að gera hjá mér. Eftir að ég byrjaði að taka inn Astaxanthinið finn ég fyrir aukinni orku til að takast á við öll mín daglegu störf, og meira til. Það tók nokkrar vikur fyrir mig að finna mun á mér, en í dag liður mér einstaklega vel. Ég er með meiri orku og úthald og liður bara almennt betur í líkamanum,“ segir Hulda.

Magnað bætiefni

ICEHERBS bætiefnin eru íslensk framleiðsla og segist Hulda vel kunna að meta það. „Mér finnst það algjörlega frábært að við á Íslandi séum að nýta þau efni sem til eru í náttúrunni okkur til heilsubótar. Það sem er svo magnað við Astaxanthin er hvað það er breiðvirkt. Það er ekki bara gríðarlega öflugt andoxunarefni heldur hefur það margþætt jákvæð áhrif á allan líkamann,“ segir Hulda.

Öflugt andoxunarefni

Astaxanthin er gríðarlega öflugt andoxunarefni sem hefur marg-

Ég finn líka mun á mér eftir æfingar. Þegar ég hef verið að lyfta þá er líkaminn sneggri að jafna sig.

Hulda Rós

visleg jákvæð áhrif á líkamann. Áhrif Astaxanthin hafa verið mikið rannsökuð og sýna klínískar rannsóknir fram á stórkostlega eiginleika efnisins. Það veitir vörn gegn geislum sólar og stuðlar að heilbrigði augna, heila og hjarta.

Astaxanthin hefur frábæra eiginleika fyrir húðina. Það verndar hana, bætir rakastig hennar, mýkt og dregur úr finum hrukkum, blettum og freknum. Það hefur styrkjandi virkni fyrir húðina og eykur náttúrulega eiginleika hennar til að verjast sólinni og útfjólubláum geislum hennar. Ólíkt sólkremum sem borin eru á húðina, blokkar Astaxanthin ekki UV-geislana, og kemur því ekki í veg fyrir að UVB-geislarnir breytist í D-vítamín í húðinni. Það ver húðina einfaldlega gegn skemmdum.

Astaxanthin dregur almennt úr bólgu og nýtist vel gegn nánast hvaða bólguástandi sem er, hvort sem það er í liðum eða annars staðar. Að auki getur það stuðlað að auknum árangri hjá íþróttafólki. ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum, heilsuvöruverslunum og glæsilegri vefverslun iceherbs.is.

Sumarþorsti slökktur með vatni í sparibúningi

Vatn er hollasti svaladrykkurinn. Á heitum sumardögum er gott að vökva líkama og sál með heilnæmri vatnsdrykkju og þótt sumum þyki vatnsbragð hvorki fugl né fiskur getur sú skoðun breyst í einni svipan með því að setja það í frískandi og bragðgóðan búning, fullt af fjörefnum.

thordisg@frettabladid.is

Mannslíkaminn er um 60 prósent vatn. Því er brýnt að sinna daglegri vökvaþörf með nægri vatnsdrykkju en mörgum þykir vatn fremur óspennandi drykkur og sækja frekar í ávaxtasafa, orkudrykki og gosdrykki til að slökka þorsta þegar sólin skín. Hins vegar er leikur einn að gera ískalt vatn að ljúffengri bragðupplifun sem dregur jafnt unga og aldna að vatnskönnunni vegna litríks útlits svaladrykkjar sem lokkar og laðar með freistandi angan og æðislegu bragði.

Þetta er einfalt: Við fyllum einfaldlega stóra vatnskönnu með köldu vatni, ísmolum, ávöxtum, grænmeti eða kryddjurtum í dálæti og eftir stendur bráðhollur drykkur sem nærir kroppinn og gleður bragðlaukana. Vatn gæti meira að segja orðið uppáhaldsdrykkur þess sem vanalega fúlsar við vatni.

Gott er að útbúa vatnskönnu kvöldið áður og geyma í kæli svo vatnið hafi tíma til að taka í sig bragð. Hægt er að geyma ávaxta-vatn í kæli í allt að fjóra daga en taka þarf ávexti, grænmeti, ber og kryddjurtir úr vatninu eftir sólarhring.



Í íslenskri bongóblíðu er fátt eins frískandi og svalandi og ískalt vatn með gómsætum og litríkum ávöxtum, berjum og grænmeti.

FRÉTTABLAÐID/GETTY



Vatnsmelóna, og í raun hvaða ávöxtur sem er, gerir ótrúlega mikið fyrir gamla góða Gvendarbrunnvatnið. Það er líka sannkallað augnakonfekt.

Vitaskuld má borða ávexti sem eru í vatnsglasinu en búast má við að þeir verði orðnir vatnskennndari og bragðdaufari en ella. Einnig er tilvalið að útbúa ísmola úr ávaxtasafa eða ávöxtum og berjum sem frjósa inni í ísmolum. Það gefur líka gott bragð og setur fallegan svip á drykkinn. Hér eru gefnar svalandi og bragðgóðar uppskriftir að frískandi sumarvatni. Uppskriftirnar miðast við stóra vatnskönnu eða fjögur stór glös.

Jarðarber, basilíka og sítróna

1/2 bolli skorin jarðarber, fersk eða frosin
5 stór og rifin basilikublöð
1 sítróna, skorin í þunnar sneiðar

Brómber, appelsínur og engifer

1/2 til 1 askja brómber
1 appelsína, þunnt skorin í sneiðar
Lítil bítur af ferskri engiferrót, skræld og þunnt skorin

Vatnsmelóna, kíví og límóna

2 bolli vatnsmelóna í bitum
1 kíví, skorið í bita eða sneiðar
1 límóna, þunnt skorin í sneiðar

Hunangsmelóna, agúrka og mynta

1/2 bolli hunangsmelóna í bitum
1 agúrka, þunnt skorin í sneiðar
10 fersk og rifin myntulauf

Bláber, sítróna og rósmarín

1/2 til 1 askja bláber
1 sítróna, þunnt skorin í sneiðar
4 smágreinar af fersku rósmaríni

Ananas, kókoshneta og límóna

1 bolli ferskur eða frosinn ananas í bitum
1 bolli bitar af kókoshnetu, ferski eða frosinni
1 límóna, þunnt skorin í sneiðar

Greip, mynta og granatepli

1 greip, skorið í þunnar sneiðar
1/2 bolli granateplafræ
10 fersk og rifin myntulauf

Vatn er svalandi og bragðgott eitt og sér, en það er skemmtileg tilbreyting að setja út í það ávexti, ber, grænmeti og kryddjurtir.

Mangó, hindber og engifer

1 mangó, skrælt og skorið í bita
1/2 til 1 askja hindber
Lítil bítur af ferskri engiferrót, skrælt og þunnt skorinn

Fyllið upp með köldu vatni og ísmolum. ■

Tilkynningar



Umhverfismat framkvæmda
Matsáætlun í kynningu

Brekka, vindorkugarður í Hvalfjarðarsveit

Zephyr Iceland hefur lagt fram matsáætlun til Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats allt að 50 MW vindorkugarðs að Brekku ofan Hvalfjarðar.

Kynning á matsáætlun: Matsáætlunin er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Umsagnarfrestur: Allir geta kynnt sér matsáætlunina og veitt umsögn. Umsagnir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 20. júlí 2022 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.

HVALFJARÐAR
SVEIT



Tillaga að breytingu á
deiliskipulagi fyrir Vatnaskóg
í Hvalfjarðarsveit

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 8. febrúar 2022 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi fyrir Vatnaskóg í Hvalfjarðarsveit samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Svæðið sem skipulagssvæðið takmarkast við er 223 ha að stærð, að mestu kjarri og skógi vaxið við suðurströnd Eyrarvatns og Þórisstaðavatns. Talsverð byggð er á svæðinu, samkomuhús, svefnskálar, íþróttahús og kapella. Helstu breytingar með deiliskipulagstillögunni felast m.a. í að þar sem nú er merkt leiksvæði á samþykktu deiliskipulagi milli núverandi matskála og gamla skála er fyrirhuguð bygging fyrir nýjan matskála og eldhús sem byggt verður á megin byggingarsvæði svæðisins við hlið Gamla skála og gegnt núverandi Matskála. Í stað leiksvæðis skv. núgildandi deiliskipulagi fyrir Vatnaskóg sem samþykkt var í sveitarstjórn 10.06.2008, verður byggingarreitir, merktur B13 sem verður 961 m² að stærð. Stærð fyrirhugaðrar byggingar þ.e. matskála/eldhúss, verður 435 m² að stærð og nýtingarhlutfall byggingarreits því 0,45 eða 45 %.
Um er að ræða endurupptöku deiliskipulagstillögu sem var áður auglýst árið 2020 og var til umfjöllunar hjá sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar árið 2020, sbr. mál nr. 2.2 af fundi nr. 299 dags. 13.01.2020.
Deiliskipulagstillagan er til sýnis á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, að Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit frá og með 15. júní 2022 til og með 28. júlí 2022.
Skipulagsgögn eru einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins <https://www.hvalfjardarsveit.is>.
Kynning verður á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar 22. júní 2022, kl. 10:00 – 11:00.
Hverjum þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 28. júlí 2022. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á netfangið skipulag@hvalfjardarsveit.is eða með bréfpósti á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, stílað á skipulagsfulltrúa, Innrimel 3, 301 Akranesi.

Jökull Helgason
Skipulagsfulltrúi
skipulag@hvalfjardarsveit.is

Bílar & Farartæki

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupum bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

Hjólhýsi



TRIGANO UPPLÁSN
FORTJÓLD Á FRÁBÆRU VERÐI
Lima 300 Verð: 186.999 kr.
Lima svefnkálfur verð: 70.000 kr.
Virka vel á Hjólhýsi og 10 - 12 feta fellihýsi
